

Umsjón með svæðinu er í höndum þriggja manna. Skulu sveitarstjórnir Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhrepps tilnefna einn mann hvor, en Náttúruverndarráð hinn þriðja og er hann formaður. Starfstími nefndarinnar er milli sveitarstjórnarkosninga. Kostnaður, sem leiðir af stofnun og rekstri hins friðlýsta svæðis, greiðist að jöfnu af ríki og Eskifjarðarhreppi.

Fyrir hönd Náttúruverndarráðs,

Eyðsteinn Jónsson,  
formaður

Árni Reynisson,  
framkv.stj.

## REGLUGERÐ

### fyrir Vatnsveitu Kjalarneshrepps.

#### 1. gr.

Vatnsveitan er eign Kjalarneshrepps, og fer hreppsnefndin með stjórn hennar og reikningsald. Reikningsár hennar er almanaksárið og skulu reikningar lagðir fram ásamt hreppsreikningum.

#### 2. gr.

Tilgangur vatnsveitunnar er fyrst og fremst sá, að sjá Klébergshverfi, Hofshverfi, Arnarholti og nærliggjandi býlum þessara staða fyrir nægilegu og góðu vatni. Enn fremur er stærð aðalæðar miðuð við það að geta fullnægt vatnspörf væntanlegs þéttbýlis í Grundarlandi.

#### 3. gr.

Skyllt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd sér um frágang vatnsbóls og lagningu stofnæða. Hreppsnefndinni er heimilt að ráða umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur honum.

#### 5. gr.

Sá, sem óskar að tengja hús sitt við stofnæð, skal senda um það skriflega umsókn til hreppsnefndar. Umsókninni skal fylgja teikning af lögn heimæðar, ásamt áætlun um vatnspörf, undirrituð af pípulagningameistara eða öðrum þeim, sem hreppsnefnd viðurkennir.

#### 6. gr.

Húseigandi skal sjá um og bera allan kostnað af lögn, tengingu og viðhaldi heimæðar. Þó getur hreppsnefnd ákveðið, að heimæðar skuli lagðar af vatnsveitu á kostnað húseiganda. Ákveði hreppsnefnd það, skal vatnsmælir settur upp á kostnað húseiganda.

#### 7. gr.

Innrennislöki og rennilöki skulu vera á hverri heimæð. Lagnir má ekki hylja fyrr en fulltrúi hreppsnefndar hefur skoðað þær og samþykkt. Ekki er heimilt að

tengja við vatnsveituna nýbyggingar og vélar aðrar en venjulegar heimilsvélar, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

8. gr.

Áður en tenging fer fram, skal húseigandi greiða stofngjald til vatnsveitunnar. Skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 10.00 á hvern rúmmetra, en þó aldrei lægra en kr. 8 000.00.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja vatnsskatt á allar húseignir, sem tengdar eru vatnsveitunni, til þess að standa straum af kostnaði hennar og viðhaldi. Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar. Skal hann vera 0.20% af framangreindu mati. Er gjald þetta miðað við þá notkun, sem leiðir af venjulegu heimilishaldi og venjulegum landbúnaði. Lágmarksgjald skal vera kr. 2 000.00. Gjald dagi skal vera hinn sami og fasteignaskatts.

10. gr.

Fyrir aðra vatnsnotkun skal leggja á aukavatnsskatt. Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, ef ekki, þá ákveður hreppsnefnd skattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Aukavatnsskattur skal vera kr. 4.00 á hvern rúmmetra vatns. Gjald dagi aukavatnsskatts er í lok hvers árstjórnungs.

Gjöld skv. 8. og 10. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 853 stig, og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkanir samkvæmt 8. og 10. gr. mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytis, sbr. 16. gr.

11. gr.

Hreppsnefnd eða umboðsmanni hennar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til þess að athuga vatnslagnir. Loka má heimæðum þeirra, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki ábyrgð á truflunum, sem kunna að verða vegna bilana, viðgerða eða af ástæðum, svo sem t. d. eldsvoða. En sé þess kostur, þá skal vatnsveitan tilkynna, ef vatnslaust verður vegna viðgerða. Vatnsveitan getur skammtað vatn, ef nauðsyn ber til.

13. gr.

Vatnsveitan lætur setja upp brunahana þar, sem þurfa þykir. Engum nema slökkviliðsmönnum og lögreglumönnum er heimilt að taka vatn úr brunahönum, nema með samþykki hreppsnefndar.

14. gr.

Vatnsveitunni skal heimilt að fara inn á heimæðar til tengingar fleiri húsa, sé flutningsgeta heimtaugarinnar nægjanleg.

15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þessara mála. Enn fremur getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef gildar ástæður þykja til þess.

16. gr.

Framantalin gjöld þau, sem miðuð eru við fasteignamat, breytast í samræmi við það á hverjum tíma. Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað um allt að 50% fram-

antalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

## 17. gr.

Vatnsskatt má taka með lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Mál út af brotum á þessari reglugerð skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Kjalarneshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um holræsi fyrir Bolungarvík.

## 1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Bolungarvík.

## 2. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps tekur ákvörðun um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða. Sveitarstjóri eða annar í umboði hans, hefur fulla umsjón með og sér um daglegan rekstur á holræsakerfi hreppsins.

## 3. gr.

Þegar holræsi hefur verið lagt í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem þar á húseign að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið.

## 4. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, eða gera breytingar eða viðbætur við eldra holræsi, sem tengjast á holræsakerfi hreppsins, ber honum með nægum fyrirvara að fá til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar.

## 5. gr.

Með umsókn húseiganda skal fylgja uppdráttur af nýlögnum eða breytingum á eldri lögnum. Uppdráttur þessi skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu byggingarnefndar. Uppdrátturinn skal undirritaður af þessum tæknimanni, sem ber fulla ábyrgð á, að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti hvergi í bága við byggingarsamþykkt, brunamála- og heilbrigðissamþykkt, né aðrar reglur, sem í gildi eru og settar kunna að verða.